

Colas Ísland hf.
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 17. september 2021
UST202107-149/S.S.
08.08.01

Efni: Yfirfærsla starfsleyfis - Colas Ísland hf.

Vísað er til umsóknar Norðurbiks ehf., kt. 460482-0979 og Colas Ísland hf., kt. 420187-1499, dags. 14. júlí 2021, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi fyrir bikbirgðastöð á Krossanesi, útg, 30. september 2015, af rekstraraðila Norðurbik ehf. yfir á nýjan rekstraraðila Colas Ísland hf. þar sem Norðurbik ehf. hefur verið sameinað Colas Ísland hf.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sbr. ákvæði gr. 1.1 í starfsleyfinu, sem er breyting á starfsleyfi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum. Öll réttindi og skyldur sem koma fram í starfsleyfinu færast með þessu til Colas Ísland hf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 30. september 2031.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Colas Ísland hf., skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur